Fimleikasamband Íslands

Fimleikaþing 16. maí 2024

Þingskjal nr.__________

**Tillaga frá stjórn FSÍ um nýja 26. gr. laga Fimleikasambands Íslands. Númer annarra greina breytist í samræmi.**

**26. gr.**
**Viðurlög**
Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum FSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart félögum. Stjórn FSÍ tekur ákvörðun um viðurlög:

a) Áminning.
b) Bann við þátttöku í FSÍ móti/**viðburði**.
c) Bann við að halda FSÍ mót/**viðburði**.
d) Brottvísun úr FSÍ móti/**viðburði**.
e) Fésekt, **sem getur numið allt að 50.000 kr. á dag.**

Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum FSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart einstaklingum. Stjórn FSÍ tekur ákvörðun um viðurlög:

a) Áminning.
b) Brottvísun úr FSÍ móti/**viðburði.**
c) Keppnisbann á FSÍ mótum.
d) Bann frá búningsklefum, keppnissvæði **og/eða keppnisstað** FSÍ viðburða.
e) Bann frá allri þátttöku í fimleikum.

**Nánari útfærslu á beitingu 26. greinar, hæfi, málsmeðferð og kæruheimildir, má finna í reglugerð sambandsins um beitingu viðurlaga á heimasíðu sambandsins.**

**Greinargerð:**
Greinin er sett inn til að skerpa á þeim viðurlögum sem nú þegar er að finna í reglugerðum en betur fer á því að festa viðurlögin í lög sambandsins.
Greinin var samþykkt á Fimleikaþingi 2023, en framkvæmdarstjórn ÍSÍ taldi rétt að skerpa á nokkrum atriðum og setja inn í greinina tenginguna við reglugerðina um úrfærslu á beitingu 26. greinarinnar.

Engjavegur 6 - 104 Reykjavík 514-4060 fsi@fimleikasamband.is

Fimleikasamband Íslands

Sent til:

☐Laganefndar ☐Allsherjarnefndar ☐Fjárhagsnefndar ☐__________nefndar

Engjavegur 6 - 104 Reykjavík 514-4060 fsi@fimleikasamband.is